



Boðgreiðslur

Boðgreiðslur hafa verið í boði fyrir viðskiptamenn Ísafjarðarkaupstaðar/Ísafjarðarbæjar til tuga ára. Boðgreiðslukerfi var sett upp á síðustu öld áður en netbankar komu til sögunnar, og viðskiptamenn þurftu að gera sér ferð í viðskiptabanka á dagvinnutíma til að greiða reikninga. Boðgreiðslur voru því mikilvæg leið til að auðvelda viðskiptavinum að greiða reikninga fyrir eindaga, án mikillar fyrirhafnar.

Þrátt fyrir breytt landslag í bankakerfinu hafa boðgreiðslur enn staðið til boða fyrir viðskiptamenn sveitarfélagsins, en ef horft er til árána 2015-2022 hafa 64-79 einstaklingar og lögaðilar nýtt sér þjónustuna. Sé tegund gjalda á boðgreiðslum skoðuð frá 2015 má sjá að flestir hafa nýtt sér boðgreiðslur til greiðslu fasteignagjalda, en nokkrir til greiðslu leikskólagjalda, auk einstaka aðilar til greiðslu annarra þjónustugjalda.

Fjárhagsupplýsingar

Boðgreiðslur koma til greiðslu í gegnum Valitor og greiðir sveitarfélagið veltutengd þjónustugjöld 1,15%, auk uppgjörsgjalds, fyrir þær færslur sem koma í gegnum boðgreiðslur.

Boðgreiðslur ársins 2022 eru um 30 m.kr. og hefur hækkað umtalsvert sl. ár, sérstaklega í ljósi þess að meirihluti boðgreiðslna lúta að fasteignagjöldum, sem hafa hækkað sl. ár vegna hækkandi fasteignamat. Með hækkandi boðgreiðslum hækkar innheimtugjald Valitor sem sveitarfélagið greiðir, og er áætlað að verði um 30.000 kr. mánaðarlega á árinu 2023, eða um 360.000 kr. árlega.

Verklag í innheimtu

Innheimtufulltrúi stofnar sérstakar kröfukeysrslur vegna boðgreiðslna þegar reikningar eru gefnir út, til viðbótar við hefðbundnar kröfukeysrslur vegna krafna í heimabanka viðskiptavina. Þá þarf að fylgjast með því að svar berist frá færsluhirði og bóka innborgunina á viðskiptareikninga viðkomandi að því loknu. Um tímafreka vinnu er að ræða, en ótalin er þá villuúrvinnsla ef færsluhirðir hafnar boðgreiðslu á einstaka viðskiptamenn, en þá þarf að breyta greiðslustýringum á viðskiptamanni og senda nýja kröfuskra í banka vegna viðkomandi. Um tvívinu er því að ræða, ef boðgreiðsla fer ekki í gegn hjá einstaka viðskiptamanni.

Boðgreiðslur voru mikilvæg þjónusta við viðskiptavinum á síðustu öld áður en greiðsluþjónusta, beingreiðslur og greiðsludreifing í heimabönkum urðu að veruleika. Þörfin sem þeim var ætlað að leysa er því ekki lengur til staðar.

Lagt er því til við bæjarráð að samþykkja að leggja þessa þjónustu af, frá og með 1. janúar 2023. Hverjum viðskiptamanni yrðu sendar upplýsingar um niðurfellingu þjónustu, auk þess sem tilkynning yrði útbúin að vefsíðu sveitarfélagsins.

Með þeim hætti sparast umtalsverður kostnaður við þjónustugjöld, auk þess sem vinnutími innheimtufulltrúa nýtist betur.